

18. Frumvarp

til laga um próf leikfimi- og íþróttakennara.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Eftir 1. okt. 1934 verður hver sá leikfimis- eða íþróttakennari, sem fær fast starf eða er ráðinn til íþróttá- eða leikfimiskennslu við ríkisskóla eða skóla, sem ríkið styrkir, að hafa lokið prófi eftir fyrirætlum þessara laga í uppeldisfræði, kennsluæfingum, líkamsfræði og leikfimi, eða í öðrum íþróttum, sem kenndar kunna að verða hér á landi.

2. gr.

Kennslumálaráðuneytið lætur árlega fara fram próf fyrir leikfimis- og íþróttakennara. Það skipar fyrir með reglugerð hversu því prófi skuli fyrir koma, og setur síðan í samráði við landlækni og hina reyndustu íþróttáfræðinga, sem völ er á í landinu, reglur um leikfimi og íþróttakennslu, þannig að tekið sé tillit til mismunandi aðstöðu nemenda í farskólum, barnaskólum, gagnfræðaskólum, héraðsskólum, menntaskólum og hinum ýmsu sérskólum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Svo að segja hver einasti Íslendingur, karl eða kona, sem stundar leikfimi og íþróttakennslu hér á landi, hefir numið list sína erlendis, við mjög margháttáðar og ósambærilegar stofnanir. Sumir hafa fengið mikla og góða kennslu, og lokið erfiðu prófi. Aðrir hafa numið skamma stund, og lítil trygging fyrir kunnáttu þeirra. Sér í lagi er oft algerður misbrestur á að slíkir menn hafi nægilega þekkingu í uppeldisfræði, heilsufræði og æfingu við að kenna börnum eða unglingum. Hér er stefnt að því að fá fastan grundvöll í þessu efni, að allir leikfimi- og íþróttakennarar sem ætla að starfa í þjónustu landsins, verði að hafa sýnt með prófraun í landinu sjálfu, að þeir séu hæfir til verksins, og að í skjóli þess skipulags geti þróast íþróttir, sem miðaðar eru í einu við að efla líkamshreysti manna og við landshætti og kringumstæður hér. Kostnaður á ekki að verða af þessari breytingu, nema þóknun til prófdómenda, eftir sömu reglum og við ríkisskólana.